

Minnisblað fundar á skrifstofu Flóahrepps dags. 19. desember 2020.

Mætt: Árni Eiríksson oddviti, Rósa Matthíasdóttir sveitarstjórnarfulltrúi og Eydís Þ. Indriðadóttir sveitarstjóri ritaði minnispunkta fundarins.

Tilfni fundarins er Innsent erindi frá Hannesi Lárusson, Austur Meðalholtum þar sem hann kvartar yfir samskiptum í símtali við Rósu.

Tilfni samskipta þeirra var afgreiðsla Héraðsnefndar Árnesinga í nóvember 2020 á máli er varðar „Laxabakka“ í Grímsnes- og Grafningshreppi.

Farið var yfir erindið efnislega og Rósa lýsti sinni hlið á samtali hennar við bréfitara.

Rósa fullyrti að í erindi Hannesar væru staðhæfingar sem væru alrangar. Hún hefði svarað honum í einkasíma á heimili sínu og hlustað á það hvaða erindi hann vildi bera fram. Hún hafi verið óundirbúin og ekki með gögn varðandi málið hjá sér. Bréfitari hafi þá lesið yfir henni valdsmannslega, um hlutverk sitt sem fulltrúi í sveitarstjórn og sem áheyrnarfulltrúi í Héraðsnefnd. Af þessu spunnust frekari samræður. Þegar hún hafi áttað sig á að bréfitari væri mjög vanstilltur og ekki viljað hlusta á hennar útskýringar heldur ítrekað búið til svör í hennar orðastað, hefði hún sagt bréfitara að hún vildi ekki taka samtal á þessum nótum og í framhaldinu sagt honum að hún myndi slíta samtalinu. Eftir það sleit hún samtalinu.

Hvað varðar upplýsingagjöf varðandi vinnu á fundum Héraðsnefndar Árnessýslu og afgreiðslu tiltekinna erinda vísast til fundargerðar nefndarinnar sem hægt er að nálgast á heimasíðu Héraðsnefndar. Varðandi frekari fyrirspurnir varðandi afgreiðslu Héraðsnefndar er bent á formann nefndarinnar, Eyþór Ólafssyni.